
Aukin framleiðsla í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 20. ágúst 2020 lagði Stofnfiskur fram frummatsskýrslu um aukna framleiðslu í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 2. september 2020 í Lögbirtingarblaðinu, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 2. september til 15. október 2020 á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Voga, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar. Þann 9. september 2020 hélt Stofnfiskur kynningarfund í Stóru- Vogaskóla um framkvæmdina og mat á umhverfisáhrifum hennar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Sveitarfélagsins Voga, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Þann 16. febrúar 2021 lagði Stofnfiskur fram matsskýrslu og óskaði eftir álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslunnar með bréfi dags. 1. mars 2020.

1.2 Gögn lögð fram

Frummatsskýrsla: Stækkun fiskeldis Stofnfisks við Vogavík. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Stofnfiskur og Verkís hf., ágúst 2020.

Sérfræðiskýrslur með frummatsskýrslu:

- Fóður og efnainnihald þess
- Rannsókn á vinnsluholu Stofnfisks (SV-14), borun og afkastamæling. Siguður G. Kristinsson, Þórólfur H. Hafstað og Guðjón Eyjólfur Ólafsson, júní 2010
- Rannsókn á lífríki Vogavíkur, Náttúrustofa Suðvesturlands, Sindri Gíslason, Joana Micael, Sölvi Rúnar Vignisson, Hermann Dreki Guls og Halldór Pálmar Halldórsson, október 2019
- Skráning Fornleifa í Vogavík, Fornleifastofnun Íslands SES, Kristborg Þórsdóttir, 2014.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Sveitarfélaginu Vogum dags. 16. september 2020.
- Fiskistofu dags. 7. október 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja dags. 25. september 2020.
- Matvælastofnun dags. 16. september 2020.
- Minjastofnun Íslands dags. 30. september 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 29. september 2020.
- Orkustofnun dags. 15. október 2020.
- Umhverfisstofnun dags. 29. september 2020.



Matsskýrsla: Stækkun fiskeldis Stofnfisks við Vogavík. Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla. Stofnfiskur og Verkís hf., febrúar 2021.

Sérfræðiskýrslur með matsskýrslu, umfram það sem lá fyrir í frummatsskýrslu:

- ÍSOR, minnisblað um áhrif stækkunar stöðvar á ferskvatnsholur SV-5 og SV-6, dags. 15. 10. 2020.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

2.1 Framkvæmdaþættir

Fram kemur í matsskýrslu Stofnfisks að starfsemi fyrirtækisins í Vogum sé tvíþætt. Annars vegar er framleiðsla á laxahrognum og hins vegar áframeldi á sjógönguseiðum að kynþroska. Til eldisins er notað grunnvatn sem unnið er úr borholum á lóð stöðvarinnar. Engin önnur eldisstarfsemi er í námunda við fiskeldið við Vogavík. Fram kemur í matsskýrslu að Stofnfiskur hafi í dag leyfi fyrir allt að 200 tonna framleiðslu á laxi í eldisstöð félagsins við Vogavík og fyrirhugi að auka framleiðslu í allt að 450 tonn þar sem hámarkslífmassi geti orðið allt að 500 tonn. Vegna aukinnar framleiðslu í stöðinni þarf að auka vinnslu á grunnvatni og jarðsjó um 400 l/s, úr 972 í 1372 l/s.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaða seiðaeldisstöð á NA-hluta lóðar auk nýs hrognahúss, sunnan við núverandi hrognahús, og afstöðu húsanna til annarra mannvirkja á lóð Stofnfisks. Fyrirhuguð staðsetning nýrra borholna fyrir jarðsjó og ferskvatn eru merktar með rauðum depli. Áætluð lega frárennslislagnar í sjó er auðkennd með rauðri línu. (Úr greinargerð framkvæmdaraðila).



Framleiðsluferli

Fram kemur í matsskýrslu Stofnfisks að í eldisstöðinni í Vogum er alinn lax (*Salmo salar*) af norskum uppruna. Um sé að ræða upprunalegan stofn sem fluttur var til landsins á tímabilinu 1984-1987. Stofnfiskur stundar kynbætur á laxi sem miða að því að auka vaxtarhraða eldisfisks, auka lífsþrótt hans gegn sjúkdómum og þol gegn laxalús. Fram kemur að núverandi framleiðsla sé um 300 tonn af klaklaxi og sláturlaxi á ári. Klakfiskur gefi af sér um 110-120 milljón laxahrogn á ári, en við það bætast um 100 milljónir hrogn sem flutt eru í hrognahúsið frá Kalmanstjörn á Reykjanesi. Samtals framleiðir Stofnfiskur því nú um 220 milljón laxahrogn á ári sem seld eru til íslenskra og erlendra fiskeldisfyrirtækja. Fiski er slátrað um það bil vikulega allt árið og seldur á innanlandsmarkaði.

Mannvirki

Fram kemur í matsskýrslu að fyrirhugað sé að reisa hrognahús og seiðældishús sem jafnframt hýsi skrifstofur Stofnfisks. Gerður verður aðkomuvegur og bílastæði að seiðaeldisstöð sem verður alfarið innan lóðar. Seiðaeldisstöð og skrifstofuhúsnæði verða alls um 2.500 m² að stærð og nýtt hrognahús verður um 2.100 m² að stærð. Fjarlægð milli hrognahúss og núverandi vatnsbóls Voga verður um 40 m. Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugað er að reisa seiðastöð á NA hluta athafnasvæðisins og að byggingaframkvæmdir hefjist áður en vatnsvernd verði aflétt.

Vatnstaka

Í matsskýrslu kemur fram að allt vatn verði tekið úr borholum innan athafnasvæðis Stofnfisks. Alls eru ellefu holur og þar af níu í notkun, fimm með ferskvatni og fjórar með sjó. Vegna starfseminnar er notað 972 l/s af grunnvatni, þar af 356 l/s af ferskvatni. Meðalhiti grunnvatnsins er 7°C. Einungis er notað ferskvatn til hrognavinnslu og á þeim stað í eldinu þegar fiskurinn er kominn að klaki. Í áframeldinu er notast við sjó (selta um 33 ‰). Til að mæta aukinni framleiðslu og hafa svigrúm til aukinnar vatnsvinnslu í framtíðinni er gert ráð fyrir að bora tvær vinnsluholur á lóð Stofnfisks, önnur fyrir jarðsjó og hin ferskvatn. Samkvæmt úttekt ÍSOR er hentugur staður fyrir sjóholuna sunnan við eldishús og sjávarmegin við ferskvatnsból Sveitarfélagsins Voga og gert er ráð fyrir að ferskvatnshola verði boruð við seiðældishúsið. Fyrirhugað er að auka grunnvatnsvinnslu um 330 l/s af jarðsjó og 70 l/s af ferskvatni.

Fóður

Fram kemur í matsskýrslu að þegar hámarksframleiðsla verður náð er gert ráð fyrir að fóðurnotkun verði um 540 til 630 tonn. Fóðurstuðull í núverandi eldi sé 1,4 en stefnt er að því að bæta fóðurnýtingu og fóðurstuðul í 1,2. Í gildandi starfsleyfi Stofnfisks fyrir eldið í Vogavík er ekki sett viðmið um hámarkslosun á fosfór frá eldinu. Samkvæmt drögum Umhverfisstofnunar að starfsleyfi fyrir aukinni framleiðslu í Vogavík, sem unnið er að samhliða umhverfismati, eru mörk fosfórlosunar sett við 10 kg fyrir hvert tonn framleitt. Bætt fóðurnýting í fóðurstuðul 1,2 ætti að tryggja að losun á fosfór verði undir losunarmörkum. Því geri Stofnfiskur ekki ráð fyrir að hreinsa frárennslið áður en því er veitt til sjávar. Leiði eftirlit í ljós að starfsemin fari nærri losunarmörkunum mun Stofnfiskur gera ráðstafanir til að hreinsa eldisvatn áður en því verður veitt frá eldisstöðinni. (Nánari sundurliðun á fóðurnotkun og áætlaðri losun næringarefna frá eldinu má sjá í töflu 4.4 í matsskýrslu.)

Frárennsli og vöktun

Fram kemur í matsskýrslu að gerð verði rotpró fyrir fráveitu frá skrifstofubyggingu en frárennsli nýrrar seiðaeldisstöðvar muni tengjast frárennsli frá öðrum nærliggjandi eldishúsum og sameinast frárennsli frá klakhúsi og sláturhúsi. Nýtt hrognahús kemur til með að byggja á tækni þar sem 90% af eldisvatninu er endurnýtt og verður frárennsli frá húsinu veitt í það affalskerfi sem fyrir er. Allt



Frárennsli frá nýbyggðu sláturhúsi fer í safnþró og þaðan er blóðvatni og lífrænum úrgangi dælt upp á bandsíu með 200 míkron hreinsibelti. Færibandið fjarlægir úrganginn í fiskiker, hann ísaður og fluttur til Skinnfisks, sem gerir dýrafóður úr úrganginum. Síað frárennslið, sem mest er blóðvatn, er síðan dauðhreinsað með ósoni. Dauðhreinsað fráveituvatnið fer loks í snertitank og hefur þar 15 mínútna viðstöðu áður en það rennur um frárennislögn til sjávar. Um sömu lögn fer frárennsli frá klakfiskahúsi. Þar sem að frárennsli sameinast í brunni verður sett fiskgildra. Frárennsli frá eldinu rennur um útrás í fjöru Vogavíkur.

Fram kemur í matsskýrslu að vöktun á styrk næringarefna í eldisvatni hafi fram til þessa ekki kallað á aðgerðir vegna mengunarálags. Sýni eru tekin reglulega úr sjó sem notaður er til fiskeldisins, bæði við inntak eldisvatnsins og í frárennislögn stöðvarinnar. Fyrirhugað er að leggja nýja frárennislögn til sjávar sem uppfyllir kröfur reglugerðar um fráveitur og skólþ. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hafi vaktað saurkólígerlamengun í Vogavík frá árinu 2005 og hafa niðurstöður þeirra mælinga flokkað viðtaka í umhverfismörk I eða II sem telst sem mjög lítið eða lítið saurmengaður. (Niðurstöður mælinga má sjá í töflu 3.7 í matsskýrslu). Ekki hefur verið talin þörf á hreinsunarstöð vegna frárennislis eldisstöðvarinnar.

Fram kemur í matsskýrslu að vöktun muni fara fram á lífríki Vogavíkur og verði útfærsla hennar útfærð í samráði við Umhverfisstofnun. Rannsókn sem gerð var á lífríki Vogavíkur í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd veiti upplýsingar um grunnástand lífríkisins við núverandi aðstæður og muni nýtast við vöktun og rannsóknir á svæðinu í framtíðinni.

Eftirlit Umhverfisstofnunar með starfsleyfi Stofnfisks feli m.a. í sér úttekt á ástandi frárennislis frá stöðinni þar sem m.a. er fylgst er með ummerkjum lífrænnar mengunar í fjörunni við útfallið.

Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Matvælastofnun bendir á að frárennsli frá húsi nr.6 fari ekki um fiskgildru. Nánar þurfi að fjalla um að öll eldishús stöðvarinnar séu og verði með tvöfaldri vörn gegn slyasleppingu, sem komi í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskeri annars vegar og hins vegar með frárennsli frá eldisstöð. Slíkur búnaður sé forsenda rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi.

Umhverfisstofnun telur að bæta þurfi umfjöllun um um magn og hreinsun eldisvatnsins í klak- og áframeldi því þar sé mestur lífmassi stöðvarinnar og mesta losun næringarefna. Þá þurfi einnig að koma fram magn frárennislis sem verði um útrásina. Meta þurfi áhrif losunar hreinsaðs frárennislis á lífríki viðtaka fimm metra niður fyrir meðalstórstraumfjöruborðs og áhrif fráveitulagnar á leirur sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Svör Stofnfisks

Í svörum Stofnfisks kemur fram að umrætt mannvirki sé kerskýli og rannsóknarstofa þar sem klakhængum er haldið tímabundið og svil þeirra tekin og fryst. Fiskurinn sé yfir 10 kg og því sé ekki mögulegt að hann komist um rör í botni eldiskerja eða yfirfall frá þeim.

Stofnfiskur áréttar að 70% af vatni sem nýtt er til eldis á klaklaxi og sláturlaxi sé endurnýtt en ekki síað. Það sé gert með loftun sem fjarlægir koltvíoxíð úr vatninu og bæti við súrefni. Endurnýting feli ekki í sér hreinsun á eldisvatni til að minnka vatnsnotkun og því munu allt að 1372 l/s renna um útrás til sjávar.

Úrgangur

Fram kemur í matsskýrslu að sjálfdaður fiskur og hrogn séu ísuð í kari og úrganginum skilað vikulega til Skinnfisks ehf. sem nýti úrganginn í loðdýrafóður. Sorp á staðnum sé flokkað og sent til förgunar í Kólku sorpeyðingarstöð í Helguvík.



Markmið framkvæmdar

Í matsskýrslu kemur fram að markmið framkvæmdar er að auka framleiðslu á laxi til að auka hrognaf framleiðslu fyrirtækisins auk þess að hefja seiðaeldi sem verður ný starfsemi í stöðinni en þess í stað leggja niður slíka starfsemi í eldisstöð Stofnfisks í Kollafirði. Byggja á nýtt hús sem á að hýsa seiðaeldi og skrifstofur félagsins. Stofnfiskur áformar að höfuðstöðvar fyrirtækisins verði í Vogum í framtíðinni. Tilgangurinn er að ala lax til kynbóta í eldisstöðinni, frá frjóvuguðum hrognum til kynþroska fisks.

2.2 Valkostir

Fram kemur í matsskýrslu Stofnfisks að skoðaðir verði tveir valkostir varðandi frárennsli sem uppfylli markmið framkvæmdar.

Kostur A: Aukin framleiðsla á laxi og vinnsla á grunnvatni með fráveitu í fjöru (núverandi fyrirkomulag).

Kostur B: Aukin framleiðsla á laxi og vinnsla á grunnvatni með fráveitu til sjávar.

Fráveitu frá fiskeldinu er nú veitt um útrás í fjörunni neðan við lóð Stofnfisks, en fyrirtækið áformar að gera nýja fráveitulögn. Sú fráveita verður lögð út í sjó og útrás hennar staðsett undir stórstraumsfjöruborði. Því séu tveir framkvæmdakostir metnir auk núllkosta sem felir í sér að ekki verði farið í aukna eldisframleiðslu eða grunnvatnsvinnslu og starfsemi verði óbreytt frá því sem nú er.

Stofnfiskur áformar að leggja nýja frárennislögn í sjó fram þannig að allt frárennsli stöðvarinnar fari um útrás sem verði undir meðalstórstraumsfjöruborði. Lögnin verður 0,8 m í þvermál og 200 m löng. Verður hún niðurgráfin í fjörunni á um 100 m kafla og þaðan frá mun lögnin liggja á sjávarbotninum og forsteyptar sökkur, með um 3,5 m millibili, notaðar til að fergja lögnina. Skurður fyrir lögnina verður um 1 m á breidd. Lagður verður vegslóði frá brunni niður í fjöru og hann nýttur til að grófjafna undir lögnina og til að koma sökkum á hana. Við lok framkvæmdar verður mokað yfir lögnina, vegslóði fjarlægður og efnið notað til að hylja lögnina upp á landi. Þegar nýja frárennislögnin undir stórstraumsfjöru verður tekin í notkun verður núverandi útrás lokað. Frárennsli sem nú fer í tjörn á lóðinni verður aflagt og tengt við aðalfrárennsli. Gert er ráð fyrir að tjörnin verði fyllt með efni úr nágrenninu í samráði við deiliskipulag og umhverfi fegrað.

Aðrar útfærslur sem voru skoðaðar voru endurnýting ferskvatns sem þegar hefur verið hitað upp. Kjörhiti á eldisvatni til seiðaeldis er 12-14°C, en meðalhiti grunnvatnsins er 5°C heitt. Því þarf að hita vatnið svo kjörhita verði náð. Ekki þyki raunhæft að hita upp allt ferskvatn með hitaveituvatni eða rafmagni vegna kostnaðar.

Einnig var skoðuð aukin endurnýting á eldissjós klakfisks umfram þau 70% sem þegar sé fyrirhuguð. Við hærri endurnýtingu á sjó er þekkt að óheppilegar gastegundir geti myndast í eldinu, einkum brennisteinsvetni H₂S sem sé mjög hættulegt eldisfiskinum. Ekki þyki áhættunnar virði að fara í fulla endurvinnslu á eldissjó fyrir klakfisk.

2.3 Breytingar frá frummatsskýrslu

Í frummatsskýrslu var brottflutningur vatnsbólís Voga af lóð Stofnfisks og aflétting vatnsverndar forsenda þess að hægt yrði að reisa nýja seiðaeldisstöð. Af þeim sökum var ekki talin þörf á að meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnsbólíð. Á kynningartíma frummatsskýrslu varð ljóst að talsverðar tafir kynnu að verða á flutningi vatnsbólísins. Því leitaði Stofnfiskur samráðs við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um nýja staðsetningu á seiðaeldishúsi og byggingu nýs hrognahúss fjær vatnsbólínu. Frá því að frummatsskýrsla fór í kynningu hafa því orðið breytingar á kynntum



byggingaframkvæmdum. Í kjölfarið var leitað sérfræðiálits ÍSOR vegna breyttra byggingaráforma og áhrif þeirra á núverandi vatnsból Voga.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á matsskýrslu að lokinni kynningu á frummatsskýrslu:

- Fjallað er um nýja staðsetningu seiðaeldishúss og gerð grein fyrir nýju mannvirki hrognahúss.
- Metin eru áhrif framkvæmdarinnar á núverandi vatnsból Voga.
- Metin eru áhrif á fornminjar vegna nýrrar staðsetningar seiðaeldishúss og nýrrar byggingar hrognahúss.
- Gerð er grein fyrir hvernig byggingarnar samræmast deiliskipulagi.

Vegna ofangreindra breytinga leitaði framkvæmdaraðili frekari umsagna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Minjastofnunar Íslands:

Frekari umsagnir bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja dags. 27. október 2020.
- Minjastofnun Íslands dags. 5. nóvember 2020.

Í matsskýrslu er sett fram áætlun um að reisa seiðastöðina á NA-hluta athafnasvæðis fyrirtækisins og byggingaframkvæmdir hefjist áður en vatnsvernd í Vogavík verði aflétt. Frávik frá frummatsskýrslu eru gerð nánari skil í kafla 2.2.4 í matsskýrslu Stofnfisks. Þá eru einnig metin áhrif þessa byggingarkosts á núverandi vatnsból Voga og menningarminjar, en um það er fjallað í kafla 9.2 um grunnvatn og kafla 9.5 um fornleifar í matsskýrslunni. Einnig er fjallað um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar í kafla 5.3 í matsskýrslunni.

3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu Stofnfisks er lagt fram mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti og stuðst við lög um mat á umhverfisáhrifum, reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í leiðbeiningunum eru skilgreindar einkunnir fyrir vægi umhverfisáhrifa, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg áhrif, talsvert jákvæð áhrif og verulega jákvæð áhrif. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu 4 í leiðbeiningunum og kafla 8.2 í matsskýrslunni. Í þessu áliti nota framkvæmdaraðili og Skipulagsstofnun einnig vægiseinkunnina nokkuð neikvæð áhrif. Nokkuð neikvæð áhrif eiga við um staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði sem séu tímabundin og að mestu afturkræf.

Áhrifaþættir framkvæmdarinnar eru mannvirkjagerð vegna byggingar hrognahús, seiðaeldisstöðvar, aðkomuvegs og bílastæðis. Fóðrun eldisfisks og vinnsla grunnvatns.

3.1 Jarðmyndanir

Mat Stofnfisks

Í matsskýrslu Stofnfisks kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé staðsett á nútímahrauni, Þráinsskjaldarhrauni, sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Þráinsskjaldarhraun rann frá dyngju undir Fagradalsfjalli um víðáttumikið svæði til sjávar og nær frá Vogastapa að



Vatnsleysuvík. Á framkvæmdarsvæðinu er eyði- og mosahraunavist einkennandi gróðurvist. Þéttbýlið Vogar og athafnasvæði Stofnfisks setja svip sinn á hraunið næst Vogastapa. Svæðið hafi því manngert yfirbragð en ekki yfirbragð óspilltra jarðmyndana. Hraunið geti því ekki talist vera hluti af heildarmynd þeirra atburða sem skóp Þráinsskjaldarhraun og verndargildi þess því takmarkað sem sérstakrar eða einstakrar jarðmyndunar á lands- eða heimsvísu. Framkvæmdin er á svæði sem skilgreint er sem athafnasvæði í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga. Á athafnasvæðinu hefur hrauni verið raskað að stórum hluta vegna mannvirkjagerðar. Til viðbótar munu um 0,5 ha af hrauni raskast vegna framkvæmda við seiðaeldisstöð og aðkomuvegar. Beint rask vegna framkvæmdarinnar verði umfangslítið.

Niðurstaða Stofnfisks

Með hliðsjón af takmörkuðu verndargildi svæðisins, sem markað er af fyrri mannvirkjaframkvæmdum auk þess sem fyrirhugað rask hraunsins verði ekki mikið að umfangi eru áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir metin óveruleg. Áhrifin eru varanleg og ekki afturkræf.

Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji áhrif framkvæmdar á landslag, ásýnd og jarðmyndanir vera óveruleg frá núverandi ástandi. Svæðið sem verði fyrir óafturkræfu raski sé innan deiliskipulags athafnasvæðis Vogavíkur og því gert ráð fyrir iðnaði á svæðinu.

Niðurstaða

Fyrir liggur að framkvæmdasvæðið kemur til með að raska varanlega nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar á grundvelli laga um náttúruvernd. Umfang ósnerts hrauns sem verður fyrir óafturkræfu raski vegna framkvæmdanna er um 0,5 ha. Hraunið er hins vegar talsvert raskað innan skilgreinds athafnasvæðis og hefur því að mörgu leyti glatað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sbr. umfjöllun í athugasemdum við frumvarpi um lög um náttúruvernd. Hraunið er nokkuð mosavaxið og án sérstæðra fyrirbæra eins og gervígiga og hella á framkvæmdarsvæðinu. Framkvæmdir munu ekki hafa veruleg áhrif á jarðmyndunina umfram það sem þegar er orðið. Í ljósi þess telur Skipulagsstofnun að áhrif á jarðmyndanir verði óafturkræf en óveruleg.

3.2 Grunnvatn

Mat Stofnfisks

Í matskýrslu Stofnfisks kemur fram að allt vatn sem falli til á Reykjanesi renni til sjávar sem grunnvatn. Grunnvatn renni greitt um hraunið á lóð Stofnfisks og mikið útrennsli grunnvatns sé undan hrauninu í Vogavík. Ferskvatnslinsa flýtur á sjó í berggrunninum. Neysluvatn fyrir þéttbýlið á Reykjanesi er unnið í Lágum og við Árnarétt fyrir Garðinn en hins vegar hefur þéttbýlið í Vogum nýtt borholur á lóð Stofnfisks. Öll þessi vatnsból nýta fyrrgreinda ferskvatnslinsu. Í skýrslu ÍSOR kemur fram að þétt sjávarsetlag allt að 80 m þykkt (niðurstöður úr holu SV-14) skilji að ferskvatnslinsu og jarðsjó. Lítil hættu er talin á að aukin vinnsla á jarðsjó nái til ferskvatnsins sem fljóti ofan við framangreint setlag. Því er talið ólíklegt að aukin sjótaka muni hafa áhrif á gæði núverandi vatnsból Sveitarfélagsins Voga og mjög ólíklegt að áhrifa gæti á framtíðar vatnsból sveitarfélagsins sunnan Reykjanesbrautar.

Fram kemur í matskýrslu að notast hafi verið við grunnvatnslíkan verkfræðistofunnar Vatnaskila til að meta mengunarhættu á vatnsból Voga frá bílastæði á lóð eldisstöðvarinnar. Talið sé að mengunarhættan sé afar lítil þar sem bílastæði sé réttu megin við ferskvatnsstrauminn á leið hans til sjávar. Samkvæmt úttekt sem ÍSOR gerði vegna mats á áhrifum á núverandi vatnsból kemur fram að engar sjáanlegar þversprungur séu nærri vatnsbólunu eða á fyrirhuguðu byggingarsvæði



seiða- og hrognahúss. Ekki sé talin hætta á að mengun berist til vatnsbólsins þvert á grunnvatnsstrauminn.

Ferskt grunnvatn er steinefnasnautt og leiðni þess því lág, en leiðni eykst við blöndun við saltvatn. Klóríð í grunnvatni á Íslandi á uppruna sinn fyrst og fremst í sjó en í undantekningartilvikum í saltríkum jarðlögum. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur fylgst með rafleiðni (seltu), styrk klóríðs, sýrustigs og grugginnihaldi í Vatnsbóli Voga síðan 2008 og hafi allir þættir eftirlitsins uppfyllt gæðakröfur um neysluvatn. Styrkur klóríðs árið 2017 var þó við mörk reglugerðar en niðurstöður leiðnimælinga hafi ekki verið í samræmi við styrk klóríðsins. Talið er að hugsanlega geti verið um misritun að ræða.

Niðurstaða Stofnfisks

Stofnfiskur telur að aukin vinnsla grunnvatns sé sjálfbær og sé ekki líkleg til að raska ríkjandi jafnvægi ferskvatns og jarðsjávar á svæðinu við Vogavík. Áhrif vinnslunnar eru metin óveruleg á grunnvatnsstrauma við Vogavík og núverandi vatnsból Vogabúa en einnig á fyrirhugað vatnsból Vogabúa sunnan Reykjanesbrautar. Áhrifin séu varanleg á starfstíma eldisins en að líklegt þyki að grunnvatnsrennsli nái fyrra ástandi verði eldi hætt og áhrif því metin afturkræf.

Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að þó fyrirhugað byggingarsvæði sé ekki í aðrennslisstefnu að vatnsbólum þurfi að meta sérstaklega hvort hætta sé á rennsli um sprungur þvert á meginstrauma. Verði niðurstaðan sú að framkvæmdir geti hafist meðan vatnsvernd er enn á þessu svæði þurfi engu að síður að binda jarðvinnu og aðrar framkvæmdir ströngum skilyrðum um mengunarvarnir, líkt og nú er undantekningarlaust gert á grann- og fjarsvæðum vatnsverndar. Í umsögnum Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar eru gerðar athugasemdir við umfjöllun um grunnvatn. Orkustofnun bendir á að í frummatsskýrslu sé talið að þar sem 80 m þéttur setlagabunki aðskilji jarðsjó og ferskvatnslinsu sé ályktað að ólíklegt sé að aukin sjótaka á lóð Stofnfisks muni hafa áhrif á gæði neysluvatns í fyrirhuguðu vatnsbóli Voga, sunnan Reykjanesbrautar. Þykkt umrædds setlags hafi mælst 80 m á einum stað, holu SV-14, en í annarri holu skammt frá SV-9 sé umrætt setlag mun þynnra. Jafnframt gerir stofnunin athugasemdir við umfjöllun og viðmið framkvæmdaraðila í umfjöllun um umhverfisáhrif grunnvatnstöku þar sem áætlað í rennsli til grunnvatns á ferkílómetra á svæðinu er borið saman við heildarstærð umrædds vatnsverndarsvæðis. Umræða um sjálfbærni nýtingar út frá þeim forsendum er að mati Orkustofnunar marklaus. Stofnunin hafnar ekki fullyrðingu framkvæmdaraðila um umhverfisáhrif vatnsnýtingar en telur að hana þurfi að rökstyðja með ítarlegri og afmarkaðri hætti. Einnig telur stofnunin að víkja hefði átt betur að fyrirhugaðri aukinni vatnsvinnslu Sveitarfélagsins Voga í mati á afkastagetu grunnvatnsstraumsins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji áhrif á vatnsvinnslu kunni að verða talsvert neikvæð á endurnýjun vatnshlotsins verði of miklu ferskvatni dælt en annars verði áhrifin óveruleg.

Svör Stofnfisks

Í kjölfar nýrra upplýsinga um hugsanlegar tafir á færslu núverandi vatnsbóls Voga og þar með afléttingu vatnsverndar á svæðinu lét Stofnfiskur vinna sérfræðiálit um grunnvatnsstrauma á svæðinu og hugsanlega mengunarhættu vegna byggingarframkvæmda við vatnsbólið. Stofnfiskur leitaði eftir frekari umsögn Heilbrigðiseftirlitsins í kjölfarið sem leggst ekki gegn áformunum en telur framkvæmdir háðar ströngum skilyrðum um mengunarvarnir.

Í svörum Stofnfisks kemur fram að yfirvöld hafa ekki gefið út leiðbeiningar um hvernig meta eigi sjálfbærni grunnvatnsvinnslu. Tilraun sé gerð til að meta sjálfbærni fyrirhugaðrar vatnsvinnslu, í



umsögn Orkustofnunar séu ekki settar fram leiðbeiningar um hvernig sjálfbærnimat þurfi að vera til að það geti talist marktækt. Úrkoma og leysing séu ráðandi þættir um magnstöðu grunnvatns, en einnig lekt berggrunnssins og hve mikið vatn rúmast í grunnvatnsgeymum. Samkvæmt nýlegri skýrslu Veðurstofu Íslands fellur talsvert meiri úrkoma (írennsli) til grunnvatnshlotsins sem Vogavík tilheyrir, en sem nemur þekktri grunnvatnsvinnslu á því svæði. Í skýrslu um framtíðarvatnsból Suðurnesja er sett fram sviðsmynd sem byggð sé á reiknilíkani Vatnaskila um áhrif af 1.400 l/s vinnslu í Lágum og 1.400 l/s vinnslu við Snorrastaðatjarnir samtímis. Miðað við þá sviðsmynd verði vinnslan án verulegra óæskilegra áhrifa á grunnvatnskerfið. Vatnsból Voga nærast á sama grunnvatnsstraumi og liggur um svæðið við Snorrastaðatjarnir og niður í Vogavík.

Stofnfiskur bendir á að vinnsla fyrirtækisins sé nú um 350 l/s og sé ætlunin að auka vinnsluna um 70 l/s, því til viðbótar er fyrirhuguð aukning á vatnstöku Vatnsbóls Voga um 100 l/s. Samanlögð vatnstaka geti því numið allt að 520 l/s eða um þriðjung af áætlaðri afkastagetu grunnvatnsstraumsins. Líkanreikningar Vatnaskila hafa þannig forspárgildi um afkastagetu grunnvatnsstraumsins í Vogum og þar með á öll vatnsból frá svæðinu við Snorrastaðatjarnir og niður í Vogavík. Með hliðsjón af því sé ekki hægt að líta svo á að aukin vinnsla grunnvatns verði umfram afkastagetu grunnvatnsstraumsins á svæðinu. Það er því mat Stofnfisks að áhrif aukinnar grunnvatnsvinnslu fyrirtækisins verði óveruleg, bæði á núverandi vatnsból Voga og fyrirhugað vatnsból Voga, sunnan Reykjanesbrautar.

Niðurstaða

Stofnfiskur áformar að auka vinnslu á ferskvatni um 70 l/s en fyrir er vinnslan í kringum 350 l/s. Jafnframt er áformað að auka vinnslu á jarðsjó um 330 l/s. Á grundvelli framlagðra gagna má áætla að ólíklegt sé að fyrirhugaðar framkvæmdir og aukin vinnsla grunnvatns komi til með að hafa neikvæð áhrif á núverandi eða fyrirhuguð vatnsból Sveitarfélagsins Voga. Samt sem áður telur Skipulagsstofnun ástæðu til að vöktun fari fram með tilliti til hættu á íblöndun jarðsjós við ferskvatnsvinnslu og hugsanlegra áhrifa á aðra grunnvatnsvinnslu á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að setja þurfi ákvæði í nýtingarleyfi um vöktun vegna grunnvatnstöku og viðbrögð ef í ljós komi að heimiluð vatnstaka hafi meiri áhrif á grunnvatnsborð en upphaflega var áætlað.

Þá er mikilvægt að við í framkvæmdaleyfi verði kveðið á um verktilhögun sem miði að því að draga úr hættu á að mengun berist í vatnsból.

3.3 Lífríki fjöru og á grunnsævi

Mat Stofnfisks

Í matsskýrslu Stofnfisks kemur fram að í Vogavík séu klapparfjörur og setfjörur á víxl og þar sé meðal annars að finna þangfjörur, sandmaðks- og kræklingaleirur. Algengustu fjöruvistgerðir í Vogavík eru klóþang, sem er ein útbreiddasta fjöruvistgerðin við Ísland með hátt verndargildi, sagþang og steinskúfur. Á svæðinu er kræklingur algengasta tegundin, þá þangfló og loks burstaormur.

Mikið grunnvatnsstreymi er undan jarðlögum í vikinni og er selta þar því breytileg. Helstu niðurstöður mælinga á snefilefnum í kræklingi sýna að talsverður munur er á styrk snefilefna milli staða sem líklega meggi rekja til staðbundins breytileika í seltu og upptöku kræklinga á setögnum.

Fram kemur að umhverfismörk næringarefna í frárennsli séu nánast þau sömu og í grunnvatni sem rennur til sjávar á svæðinu. Takist að bæta fóðurnýtingu eins og stefnt er að sé líklegt að vatnsgæði viðtaka haldist þau sömu. Samkvæmt AMBI flokkunarkerfinu er lífríki Vogavíkur ekki undir áhrifum mengunar og veruleg breyting þurfi að verða á hlutfalli mengunarþolinnar botndýra svo áhrifin geti talist talsverð. Niðurstöður vöktunar á lífríki Vogavíkur bendi til þess að lífríki hafi ekki orðið fyrir verulegum neikvæðum áhrifum frá núverandi starfsemi Stofnfisks.



Þar sem lögninni verður komið fyrir í fjörunni er helst grýttur sandleir, sem hefur lágt verndargildi, og þangfjara en einnig eitthvað um leirur. Lífríki fjörunnar verður raskað meðan á framkvæmdinni stendur, en sjávarföll muni gera að verkum að það leiti fljótt aftur í fyrra horf þegar verki lýkur. Lífríki sem fer undir sökkur lagnarinnar mun eyðast varanlega, en áhrifin ná til umfangslítils svæðis.

Niðurstaða Stofnfisks

Mat Stofnfisks er að aukið lífrænt álag vegna fráveitu í fjöru, skv. valkosti A, muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á lífríki svæðisins miðað við núverandi fóðurstuðul. Útrás fráveitunnar undir sjávarborði, samkvæmt valkosti B, mun leiða til þess að frárennsli eldisstöðvarinnar mun dreifast og þynnast hratt. Því eru áhrif lífræns álags á lífríki svæðisins metin óveruleg miðað við valkost B. Áhrifin eru varanleg á starfstíma eldisins. Líklegt er að lífríkið nái fyrra ástandi verði eldi hætt og áhrifin því afturkræf. Þá verður ástand lífríkis Vogavíkur vaktað í framtíðinni.

Umsagnir og athugasemdir um frummatsskýrslu

Í umsögn Umhverfisstofnunar er gerð athugasemd við að ekki sé fjallað um hvernig takmarka eigi rask á leirum vegna framkvæmda við nýja fráveitulögn og á meðan á rekstri stöðvarinnar stendur. Stofnunin telur að áhrif valkostar A verði talsvert neikvæð á botndýralíf vegna aukinnar losunar næringarefna en að aukin hreinsun eldisvatnsins ætti að koma í veg fyrir það. Án hreinsunar muni lífríki við útrásina breytast og áhrif verða talsvert neikvæð en staðbundin. Til þess komi þó ekki þar sem útrás fráveitunnar verði lögð til sjávar og niður fyrir stórstraumsfjöru (valkostur B) og hreinsun á eldisvatni mun sía 70-90% alls fastefnis áður en það fari í viðtakann. Umhverfisstofnun áréttar að í matsskýrslu framkvæmdar þurfi að skýra betur frá áhrifum framkvæmdar á viðtakann m.t.t. hreinsunar og nýrrar útrásar. Hægt sé að gera áhrifin óveruleg með nægum mengunarvörnum og mótvægisáðgerðum.

Svör stofnfisks

Fram kemur að Stofnfiskur telur ekki ljóst hvernig bæta megi umfjöllun um rask á leirum og áréttar að utan fjörunnar, þar sem leirbotn sé að finna, mun fráveitulögn hvíla á sökkum, áhrifasvæði þeirra verður lítið að umfangi og sjólag og sjávarföll munu leiða til þess að lífríki svæðisins leiti aftur í fyrra horf, nema þar sem sökkurnar standa. Ekki stendur til að hreinsa frárennsli stöðvarinnar nema vöktun leiði í ljós að svo þurfi.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki í fjöru verði mismunandi eftir því hvaða valkostur verði valinn á fyrirkomulagi útrásar frárennslis. Fyrir liggur að ekki eru uppi áform um að hreinsa föst úrgangsefni úr frárennslinu umfram hreinsun frárennslis frá sláturhúsi. Samkvæmt matsskýrslu er talið að styrkur næringarefna muni ekki aukast að neinu marki í frárennsli eldisstöðvarinnar að því gefnu að til takist að bæta fóðurnýtingu úr 1,4 í 1,2. Óháð valkosti telur Skipulagsstofnun að tryggja þurfi að ekki verði staðbundin uppsöfnun næringarefna í frárennsli og að brugðist verði við með mótvægisáðgerðum í samráði við eftirlitsaðila reynist styrkur næringarefna yfir mörkum.

Ljóst er að lagning fráveitu samkvæmt valkosti B mun koma til með að raska leirum sem njóta verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga auk þess að raska vistgerðunum klóþangi og sagþangi sem hafa mjög hátt og hátt verndargildi. Ekki kemur fram nákvæmt mat á umfangi rasks á leirum en framkvæmdaraðili áætlað umfang heildarrasks vegna fráveitulagnar um 100 m². Ekki liggja nákvæmar upplýsingar um umfang rasks á leirum en með hliðsjón af mynd 9.15 í matsskýrslu sem sýnir áætlaða legu frárennslislagnar og fjöruvistir á leið hennar má ætla að rask á leirum verði lítið. Þá verður ef til vill mögulegt að hliðra lögn til að draga frekar úr raski.



Það er mat Skipulagsstofnunar að áhrif framkvæmdar samkvæmt valkosti A verði nokkuð neikvæð vegna aukins magns næringarefna en að áhrif framkvæmdar samkvæmt valkosti B verði óveruleg til nokkuð neikvæð vegna mögulegs rasks á leirum sem njóta verndar og vistgerða sem hafa mjög hátt og hátt verndargildi.

Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi eigi að setja skilyrði um vöktun frárennslis og kveða á um heimildir leyfisveitanda til að krefjast úrbóta, t.a.m. með hreinsun frárennslis, reynist þörf á.

3.4 Fuglar

Mat Stofnfisks

Í matsskýrslu Stofnfisks kemur fram að fuglalíf í Vogavík og á Vatnsleysuströnd sé fjölbreytt og farfuglar hafi þar viðdvöl í fjörum vor og haust. Æðarfugl er algengur við Vogavík árið um kring en á sumrin einkennist svæðið m.a. af stóru kríuvarpi og verpandi vaðfuglum (tjaldi, sandlóu og stolk). Vestan við Vogavík er Vogastapi og í bjarginu þar er fýlabyggð. Fram kemur að framkvæmdir vegna aukinnar framleiðslu geti haft áhrif á fuglalíf með tvennum hætti. Annars vegar vegna truflunar á framkvæmdatíma, s.s. vegna framkvæmda við byggingar og frárennislagnir. Áhrif vegna þeirra eru taldar tímabundnar á meðan á framkvæmdum stendur. Hins vegar eru áhrif vegna breytinga á búsvæðum og fæðuframboði sem hafi langtímaáhrif. Svæði sem fara undir mannvirki ganga á búsvæði varpfugla á svæðinu. Framkvæmdasvæðið hefur verið nýtt undir fiskeldi í áratugi. Ekki er að finna mikilvæg fuglasvæði á framkvæmdasvæðinu og engin af þeim tegundum sem er í flokki tegunda í hættu samkvæmt valista um fugla líklega varpfugl þar.

Talið er ólíklegt að lífrænn úrgangur frá aukinni eldisframleiðslu valdi súrefnisskortri á botni, en aukningin á magni lífrænna leifa og styrk næringarefna getur leitt til aukinnar framleiðni í þangi og öðrum gróðri sem aukið getur fæðuframboð ýmissa fuglategunda á svæðinu einkum gráendur og álftir. Því er hófleg aukning á lífrænum úrgangi líkleg til að hafa jákvæð áhrif á fuglalíf. Þekkt er að endur og máfar sækir í frárennslis frá fiskeldi á landi. Áhrif á fuglalíf á áhrifasvæði framkvæmdanna á landi eru talin að mestu varanleg en óveruleg í ljósi þess að ekki er um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða og svæðið verulega raskað fyrir. Tegundir sem líklegar eru til að verða fyrir áhrifum eru flestar algengar á lands- og héraðsvísu.

Niðurstaða Stofnfisks

Áhrif vegna aukinnar framleiðslu og frárennslis eru metin varanleg og nokkuð jákvæð fyrir fuglalíf á svæðinu vegna valkostar A en talin óveruleg vegna valkostar B. Áhrif eru talin afturkræf því líklegt er að svæðið myndi leita í fyrra horf ef starfsemi verður hætt og mannvirki fjarlægð.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á fugla séu helst vegna rasks á búsvæðum og ónæði á framkvæmdatíma. Áhrifin verði óafturkræf en óveruleg með tilliti til þess að starfsemi hefur verið á svæðinu í áraraðir og að um umfangslitlar framkvæmdir er að ræða. Samhliða aukinni framleiðslu í eldisstöðinni mun magn uppleysta næringarefna í fjöru aukast, vegna valkostar A, og því líkur á að fæðuframboð ýmissa fuglategunda aukist á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á fugla verði óveruleg óháð valkosti.

3.5 Fornleifar

Mat Stofnfisks

Vegna breyttra byggingaráforma á lóð Stofnfisks mun framkvæmdin hafa önnur áhrif á fornleifar en lýst var í frummatsskýrslu. Í matsskýrslu Stofnfisks kemur fram að engar friðlýstar fornleifar séu á framkvæmdasvæðinu. Úttekt á minjum á lóð Stofnfisks bendir til að svæðið sé ekki mikilvægt með tilliti til fornleifa og verndargildi svæðisins sé óverulegt. Vegna byggingar á seiðældishúsi



þarf að fjarlægja tvær grjóthleðslur, GK-123:188 og GK-123:189 auk þess sem verja þarf eina hleðslu raski. Engar minjar eldri en 100 ára séu á svæðinu þar sem byggja á hrognahús en fjarlægja þarf þúst sem fer undir húsið og verja eina forna hleðslu GK-123:161B sem standi um 16 m frá húsinu fyrir raski. Sótt verður um leyfi Minjastofnunar Íslands til að fjarlægja fornleifar vegna byggingaframkvæmda, í

samræmi við 21. grein laga um menningarminjar. Útmörk framkvæmdasvæðis verða merkt í samráði við minjavörð Reykjaness til að verja minjar hnjaski meðan á framkvæmdum stendur.

Niðurstaða Stofnfisks

Þrjár minjar eru á lóðinni sem munu fara undir mannvirki, þar af tvær sem séu eldri en 100 ára og teljist því til fornleifa. Áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar eru metin nokkuð neikvæð. Verði fornleifar fyrir raski verða áhrifin varanleg og óafturkræf.

Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að stofnunin leggst ekki gegn því að hleðslum GK-123:188 og 189 verði raskað en telur að fá þurfi fornleifafræðing til að teikna hleðslurnar nákvæmlega upp og að athuganir verði gerðar á jarðvegi við hleðslurnar til að kanna hvort hann geti veitt upplýsingar um hlutverk mannvirkjanna.

Svör Stofnfisks

Stofnfiskur mun láta gera þá rannsókn sem Minjastofnun leggur til. Sótt verður um leyfi til Minjastofnunar til þess að fjarlægja minjarnar. Ekki verður ráðist í byggingaframkvæmdir fyrr en sérfræðingur hefur tekið nánar út þær minjar sem verða fyrir áhrifum og Minjastofnun veitt leyfi til að fjarlægja fornminjar.

Niðurstaða

Ljóst er að framkvæmdin mun raska fornleifum og eru áhrifin varanleg og óafturkræf. Minjastofnun leggst ekki gegn raski á umræddum minjum en beinir því til framkvæmdaraðila að sækja þurfi um leyfir til að fjarlægja þær fornleifar sem verði fyrir áhrifum og merkja þær minjar sem kunna að verða fyrir raski. Skipulagsstofnun telur að áhrif á fornleifar verði óveruleg.

4 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2024 og deiliskipulagslýsing fyrir framkvæmdalóðina hefur borist Skipulagsstofnun. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf að liggja fyrir staðfest deiliskipulag.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélags Voga samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og einnig byggingaleyfi sveitarfélags Voga samkvæmt lögum um mannvirki og reglugerð um byggingarleyfi.

Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi, rekstrarleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem og nýtingarleyfi Orkustofnunar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu samkvæmt auðlindalögum.



5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Stofnfisks sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Að mati Skipulagsstofnunar er líklegt að neikvæð umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðar stækkunar eldisstöðvar Stofnfisks í Vogavík verði takmörkuð. Að mati stofnunarinnar felast helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar í raski á leirum og jarðminjum sem njóti verndar, auk áhrifa á grunnvatn og vatnsból. Umfang rasks á leirum og jarðminjum er þó minniháttar samkvæmt þeim gögnum sem lögð hafa verið fram. Þá er ólíklegt að aukin vatnsvinnsla Stofnfisks komi til með að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn sem nokkru nemi. Þó þarf að tryggja að aukin vatnsvinnsla hafi ekki áhrif á jafnvægi milli ferskvatnslinsu og saltvatnslinsu og því telur Skipulagsstofnun að vöktunaráætlun um vöktun á áhrifum vinnslu á grunnvatn liggja fyrir áður en vatnstaka er aukin. Skipulagsstofnun telur að í nýtingarleyfi þurfi að setja skilyrði um vöktun á grunnvatni og viðbrögð við áhrifum vatnstöku á grunnvatnsborð reynist þau vera meiri en gert er ráð fyrir.

Skipulagsstofnun telur einnig tilefni að viðhafa vönduð vinnubrögð í tengslum við jarðvinnu og framkvæmdir mannvirkja á lóð Stofnfisk og að ýtrustu kröfur verði gerðar um mengunarvarnir, verklag, umgengni og eftirlit umfram það sem gert er vegna sambærilegra framkvæmda utan verndarsvæða enda afar brýnt að vernda neysluvatn. Gera þarf kröfu um að vatnsverndarsjónarmið og öryggi neysluvatns ráði í öllum tilvikum. Skipulagsstofnun telur að með skilyrðum í framkvæmdaleyfi verði hægt að tryggja framangreint.

Gera má ráð fyrir að mikil þynning á styrk úrgangsefna vegna öflugs viðtaka komi í veg fyrir neikvæð áhrif efna í frárennsli á lífríki vegna valkostar B en að áhrifin verði nokkuð neikvæð vegna valkostar A. Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif allt að 450 tonna eldi á laxi og laxaseiðum á ári í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík vísast til niðurstaðna í 3. kafla að framan og framkvæmdatilhögunar, mótvægisáðgerða og vöktunar sem gerð er grein fyrir í matsskýrslu Stofnfisks.

Reykjavík, 10. maí 2021

Jakob Gunnarsson

Tinna Jónsdóttir